

Umsögn um frumvarp til laga um opinber innkaup 670. mál og frumvarp til laga um skipan opinberra framkvæmda 671. mál

Þjóðhagsstofnun hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um opinber innkaup annars vegar og frumvarp til laga um skipan opinberra framkvæmda hins vegar. Með því að þessi frumvörp eru náskyld leyfir stofnunin sér að senda sameiginlega umsögn um þau bæði.

Megintilgangur frumvarpanna er að setja ramma utan um faglega meðferð á framkvæmdum á vegum ríkisins og innkaup á þess vegum. Á undanförunum árum hafa beinar framkvæmdir á vegum ríkisvaldsins dregist mjög saman. Sem dæmi má taka að árið 1976 voru unnin nær 1.200 ársverk í vega- og brúargerð á vegum opinberra aðila en árið 1997 voru þau um 340. Í staðinn eru nú öll slík verkefni boðin út. Með þessu móti hefur ríkisvaldið sparað sér umtalsverða fjármuni en jafnframt hafa einstaklingum skapast tækifæri til arðbærs atvinnurekstrar.

Á síðustu árum hefur það svið sem verk eru boðin út á farið stækkandi og Þjóðhagsstofnun telur að í framtíðinni verði framhald á þessari þróun. Má nefna þjónustu á sviði menntamála, umönnunar og ýmissar ráðgjafar. Afmarkaðir þættir slíkrar þjónustu geta fallið vel að útboðsfyrirkomulagi, ef fyrir liggur pólitísk stefnumörkun í þá veru og mótuð hefur verið eðlilegt starfsumhverfi. Í því efni er einkar mikilvægt að í gildi sé almenn lagasetning sem tryggir faglega meðferð við ákvarðanatöku. Frá sjónarhóli þjóðarhags má með þessu móti ná bættri nýtingu fjármuna en að sjálfsögðu aukast að sama skapi þær kröfur sem gera verður til þeirra sem um tilboð fjalla að meta efnislegt innihald þeirra út frá fleiri sjónarmiðum en verðinu einu.